

# EFTIRLITSSKÝRSLA

---

<b>Dagsetning</b>	24/02/2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Vinnslustöðin hf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	01/02/2014
<b>Heimilisfang</b>	Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	570269-7479	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Sigurður Friðbjörnsson
<b>Isat nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Fiskimjölsframleiðsla		

---

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan tók við rúmum 49 þúsund tonnum árið 2010 og gekk vinnslan almennt vel án nokkura óhappa.

Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar meðal annars hafa hráefnistankar verið sandblásnir og málaðir sem hefur í för með sér mun auðveldari þrifnað og gerir fyrirtækinu kleift að geyma hrognaloðnu til skamms tíma. Þetta flýtir mjög fyrir löndun þar sem nú þarf ekki að vinna hrognaloðnuna jafnóðum og löndun á sér stað.

Síðasta eftirlit fór fram 24. febrúar á sl. ári. Eftirfarandi athugasemd var gerð í eftirlitsskýrslu:

*Skila þarf mælingum á frárennsli frá vinnslu og heildarrennsli samhliða sbr. gr. 3.10 í starfsleyfinu. Á grundvelli þeirra skal áætla heildarlosun frá fyrirtækinu. Þessar mælingar eiga gerast árlega og þarf því að endurtaka þær næst þegar verksmiðjan er gangsett eins og segir til um í grein 4.2 í starfsleyfi.*

Þessari athugasemd hafði ekki verið sinnt og hún því ítrekuð nú og veittur frestur til að skila niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí nk.

## UMFANG EFTIRLITS

Að fundi loknum var gengið um verksmiðjuna. Allt var mjög snyrtilegt og engar athugasemdir gerðar inni í verksmiðjunni.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Niðurstöðum frárennslismælinga hefur ekki verið skilað inn.

**Frávik frá:** Grein 3.10 í starfsleyfi

### Athugasemd 1:

Gerðar voru athugasemdir vegna hliðs sem eftir er að loka á lekaþró umhverfis lýsistanka.

### Önnur atriði:

Bent er á að sbr. 3.19 í starfsleyfi skal skila inn TVN gildum til Umhverfisstofnunar og eru næstu skil 1. maí nk. Eyðublað fyrir þetta er á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is) undir mengunarmál/mengunarvarnareftirlit.

Einnig skal tilkynna til Umhverfisstofnunar um gangsetningu og stöðvun verksmiðjunnar sbr. 1.5. í starfsleyfi.

Reykjavík, 21/09/2011

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.